**Nd.** **839. Breytingartillögur**

við frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra getur samkvæmt tillögum háskólaráðs aukið verksvið deilda, enda sé áður leitað .... o. s. frv.
2. Á eftir 7. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Búnaðarfélag Íslands ásamt tilraunaráðum jarðræktar og búfjárræktar, Fiskifélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu ár hvert gera tillögur um það, að hvaða rannsóknum skuli unnið í þeim undirdeildum atvinnudeildar, sem hlut eiga að máli.
3. Við 8. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Sérfræðingar atvinnudeildar skulu veita nemendum .... o. s. frv.
4. Við 9. gr. Í stað „3 ára" komi: 2—3 ára.
5. Við 10. gr. Orðið „þar" í 1. málsl. falli burt.
6. Við 11. gr. Fyrir „samkvæmt 1. gr." komi: samkvæmt 8. gr.
7. Við 14. gr.
   a. Á eftir orðinu „tilraunastöðin" í 1. málsgr. komi: í sjúkdómafræði.
   b. Við 1. málslið 1. mgr. bætist: og að því er varðar tilraunastöðina einnig að fengnum tillögum yfirdýralæknis.
   c. 2. málsl. sömu málsgr. orðist svo: Hann setur að fengnum tillögum forstöðumanna þær reglur um stofnanir þessar, er nauðsynlegar kunna að vera.
8. Við 15. gr. Í stað orðanna „9.—11. gr." komi: 9.—10. gr.